



Landsbankinn

Handbók Fyrirtækjabanka

# Stutt lýsing á B2B vefþjónustunni

Mars 2011

Fyrri útgáfur:  
Október 2009  
Maí 2008  
Mars 2008

## Inngangur

Byrjum á því að svara spurningunni „Hvað er B2B?“ Stuttu svarið er að B2B er samskiptatækni fyrir bókhaldskerfi fyrirtækja til að skiptast á upplýsingum til og frá banka. Allt gerist þetta innan bókhaldskerfisins og er best lýst með dæmi; sækja má yfirlit bankareiknings með því einu að smella á þar til gerðan hnapp í bókhaldskerfi og án þess að þurfa líka að innskrá sig í netbanka.

Bókin lýsir helstu möguleikum B2B án þess að fara of djúpt í tæknimálin og hún skiptist í tvo hluta; fyrst er fjallað almennt um kerfið og svo fylgja hagnýt dæmi til að setja hlutina betur í samhengi.

Ef þú skilur ekkert í innihaldi bókarinnar er það líka allt í lagi. Hafðu bara samband við útibúið þitt eða sendu póst til [b2b@landsbankinn.is](mailto:b2b@landsbankinn.is) og óskaðu eftir símtali eða heimsókn sérfræðings frá bankanum, þér að kostnaðarlausu.

Landsbankinn gefur reglulega út aðra bók, svonefnda [Tæknihandbók B2B](#) þar sem greint er ítarlegar frá kerfinu. Sú bók er birt á ytri vef bankans, líkt og þessi.

### Tækniorðin á mannamáli

Umfjöllunin hér inniheldur hugtök á borð við *skeyti*, *sendingar*, *svör* og meira að segja *XML*. Höfum ekki of miklar áhyggjur af því á þessu stigi. Látum nægja að gera okkur grein fyrir því að samskiptin eru byggð á skilaboðum sem nefnd eru skeyti og þau eru ýmist send eða móttækin. Sendingin nefnist *fyrirspurn* eða fyrirspurnarskeyti og móttakan er gjarnan nefnd *svar* eða svarskeyti. Stundum er talað um *skemu* en skema má lýsa sem *formi* tungumálsins (forritunarmálsins). XML er *forritunarmálið* sem B2B notar og við ættum ekki að þurfa neitt að huga að því frekar.

## Hvað svo?

Snúum okkur þá að kjarna málsins; **hvað er hægt að gera í B2B?** Í boði eru eftirtaldar meginþjónustur og fjölbreyttar undirvörur í hverri þeirra:

<b>Innheimta viðskiptakrafna</b>	Stofna kröfur, breyta, niðurfella, sækja kröfugreiðslur
<b>Innlendar greiðslur</b>	Millifærslur milli eigin reikninga og greiðslur til lánardrottna
<b>Erlendar greiðslur</b>	SWIFT greiðslur milli landa
<b>Yfirlit bankareikninga</b>	Sækja stöðu og færslur fyrir valið tímabil eða ákveðinn dag
<b>Yfirlit kreditkorta</b>	Sækja stöðu og færslur fyrir valið tímabil eða ákveðinn dag
<b>Yfirlit lánasafns</b>	Sækja stöðu og færslur innlendra og erlendra lána
<b>Yfirlit gjaldmiðlagengis</b>	Sækja gengi gjaldmiðils fyrir valið tímabil
<b>Yfirlit vísitalna</b>	Sækja gengi helstu vísitalna, t.d. VNV og lánskjaravísitölu
<b>Rafrænir reikningar</b>	Sending og móttaka rafrænna reikninga í Reikningapotti
<b>Rafræn skjöl</b>	Senda skjöl til rafrænnar birtingar í alla netbanka á Íslandi
<b>Greiðslulyklar</b>	Dælulyklar á borð við bensíndælulykla

Að auki er sérhæfð B2B þjónusta fyrir rekstraraðila gjafa-/inneignarkorta og Aukakróna en við gaumgæfum það ekki frekar hér.

### Fyrir hvern er B2B?

B2B hentar öllum fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum stórum sem smáum. Innleiða má B2B í litlum skömmtum, algengt er að byrja smátt og bæta fleiri aðgerðum inn. Til gamans má geta að einyrkjar eru fjölmargir í B2B.



## Hver er hagur minn af B2B?

Þá er eðlilegt að spyrja hvers maður er bættari með B2B? Almennt telst B2B vera öflug lausn á sviði rafrænna viðskipta sem styttnir vinnuferla og eykur hagræði í bókhaldi. B2B veitir rauntímasýn í bókhaldi sem eykur möguleika notanda að taka upplýstar ákvarðanir. Fyrirtækið bætir enn fremur þjónustu og upplýsingagjöf við sína eigin viðskiptavinum og lánardrottna. En hvað merkir það í raun?

Sem fyrr, er þessu best lýst með dæmum:

- Minni gagnainnsláttur og þ.a.l. minni villuhætta
- Aðgerðatími og vinnuferlar styttnast
- Hagræði eykst í bókhaldi og uppgjöri flýtt
- Einfaldara bókunar- og staðfestingarferli
- Betri nýting mannauðs, hagkvæmari tímaráðstöfun og aukin afköst
- Með fullnýttum sjálfvirkniaðgerðum má bæta fjárstreymi fyrirtækisins

**DÆMI 1** Greiðandi hringir í kröfuhafa og óskar leiðréttingar á kröfu > kröfuhafinn breytir kröfunni innan bókhaldskerfisins > uppfærir stöðu kröfunnar > greiðandinn sér strax breytinguna.

**DÆMI 2** Í bókhaldskerfi fæst staðfesting bankaupplýsinga lánardrottins *áður* en greiðsla er innt af hendi. Bókhaldskerfið sannreynir greiðsluupplýsingarnar *áður* en lengra er haldið.

## Hvað kostar B2B?

Fyrirtækið greiðir eigin hugbúnaðarfyrirtæki (ekki bankanum) fyrir uppsetningu B2B. Hvorki er greitt stofngjald né árgjald til bankans og öll notkun er gjaldfrjál (allur skeytaflutningur til og frá banka). Hugbúnaðarfyrirtækið sem þjónustar þitt fyrirtæki auglýsir eigin verðskrá fyrir vinnu við uppsetningu og sölu viðbótar hugbúnaðar ef með þarf.

### Er þá til frír hádegisverður eftir allt saman?

„There's no such thing as a free lunch“ ritaði Nóbelsagfræðingurinn Milton Friedman árið 1975. Höfum í huga að B2B er einungis samskiptatól. Það er svo notað til að framkvæma bankaáðgerðir sem geta verið gjaldskyldar. Sjálf notkunin á B2B er án endurgjalds. Umorðað; notandinn greiðir bankanum ekkert fyrir það eitt að panta máltíðina, hvort sem máltíðin er frí eður ei.

## Hvert er öryggi B2B?

Starfræksla B2B innan bókhaldskerfis eykur enn öryggi aðgerða; stuðst er í senn við innbyggt öryggi bókhaldskerfisins og bankans. Þá er rekjanleiki bæði til staðar innan bókhaldskerfisins í svonefndri *gagnadagbók* og í *aðgerðayfirliti* Fyrirtækjabankans á netinu.

Greiðsluáðgerðir í B2B eru frábrugðnar öðrum B2B áðgerðum og rétt að greina nánar frá því hér. Fyrirtæki sem kjósa að nota ekki rafræn skilríki í B2B, opna ætíð Fyrirtækjabankann á netinu til að staðfesta greiðslubunka svo greiðsla fari fram. Þetta er nefnt *bankastaðfesting*. Í öðrum áðgerðum þarf ekki þetta samspil B2B og Fyrirtækjabankans.



Sé skilríki notað, þ.e. debetkort með örgjörva, er bankastaðfestingin færð framari ferlið, af netinu og inn í bókhaldskerfið. Fyrirtæki sem á annað borð nota hörð skilríki,

### SKILRÍKJANOTKUN

Notandinn (korthafi) stingur persónulegu debetkorti sínu í innbyggðan kortalesara í tölvunni, lyklorðinu, skjánum eða utanálggjandi USB kortalesara og ritar PIN númer debetkortsins til staðfestingar áðgerðinni. Allt gerist þetta í bókhaldskerfi notandans, þannig að hann yfirgefur ekki vinnuumhverfi sitt á skjánum.



verða eingöngu að nota þau við *tilflutning fjármagns*, s.s. við millifærslur milli bankareikninga, greiðslu ógreiddra krafna og erlendar greiðslur. Í fjárhagslega *ómikilvægum* aðgerðum eru skilríkin valfrjáls, s.s. við innlestur bankareikninga, gengisupplýsinga, kreditkortayfirlita o.s.frv.

## Hvort er betra; netbanki eða B2B?

Vöruframboð Fyrirtækjabankans á netinu er meira en í B2B. En það er ekki kjarni málsins; B2B er ekki í samkeppni við netbanka fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana eða einstaklinga. Þvert á móti veitir B2B stuðning við bankalausnir á netinu. Spurningin um hvort sé betra, netbanki eða B2B er því í raun ekki viðeigandi.

## Nú er ég með viðskipti í fleiri bönkum, hvað geri ég þá?

Tvö *form* tungumála eru í gangi í B2B vefþjónustum íslenskra banka og nefnast þau *skemu*:

- Annað skemað er sérhæft innan hvers banka um sig, sem þýðir að bankarnir skilja ekki „tungumál“ hvors annars. Landsbankinn er með sitt eigið **Landsbankaskema** og þannig gengur þetta koll af kolli milli fjármálastofnana.
  - Kosturinn felst í ríkulegra vöruframboði hjá viðkomandi banka, því skemað styður ekki bara þær vörur sem eru sameiginlegar milli banka, heldur einnig sérhæfðar vörur sem jafnvel bjóðast ekki hjá samkeppnisaðila.
  - Á hinn bóginn felur þetta í sér hærri innleiðingarkostnað sé fyrirtækið með banka- viðskipti víða eða í örum skiptum milli banka/sparisjóða.
- Hitt skemað er **sameiginlegt** tungumál allra banka og sparisjóða hérlendis og nefnist í daglegu tali **sambankaskema** (ýmist skammstafað *IOBWS* eða *B2Bws*). Eðlilega þróast það hægar en sérhæfðu skemun þar sem flækjustigið er hærra með þátttöku fleiri banka sem hafa ólík bakendakerfi og grunnvirkni. Sambankaskemanu er ætlað að styðja við þær þjónustur bankanna sem eru sannarlega sameiginlegar eða einsleitar.
  - Kosturinn er að fyrirtækið greiðir lægri kostnað þ.s. ekki þarf margsinnis að forrita sérhæfingar í bókhaldskerfinu.
  - Ókosturinn felst í vöruframboðinu þar sem skemað styður n.k. „lægsta samnefnarann“ í vöruframboði banka og sparisjóða.

Hægt er innleiða *bæði* skemun að hluta eða heild; t.d. að nýta grunninn úr sambankaskemanu og innleiða sérhæfðari skeyti úr Landsbankaskemanu fyrir kröfuharðari notkun.

## Ég vil vita meira - hver er munurinn á skemunum tveimur?

Taflan sýnir mismuninn á einfaldan hátt; grænn depill merkir að viðkomandi þjónusta er í boði. Hér er einblínt á hvernig þessu horfir við gangvart viðskiptavinum Landsbankans eingöngu. Landsbanka- og sambankaskemun eru ólík að innihaldi og útliti, auk þess sem virkni og vöruframboð B2Bws getur verið ólíkt milli banka og sparisjóða.

Þjónusta	B2B	B2Bws
Innheimta viðskiptakrafna	●	●
Innlendar greiðslur	●	●
Erlendar greiðslur	●	
Innsending skilagreina	●	
Yfirlit bankareikninga	●	●
Yfirlit kreditkorta	●	
Yfirlit lánasafns	●	
Yfirlit gjaldmiðlagengis	●	●
Yfirlit vísitalna	●	
Rafrænir reikningar	●	
Rafræn skjöl	●	
Greiðslulyklar	●	

● merkir að viðkomandi þjónusta er í boði



## Sjálfvirkar aðgerðir

Hugbúnaðarfyrirtæki aðstoða fyrirtæki við finstillingar á borð við framsetningu skjámynda í bókhaldskerfinu og hvernig sendingum er nákvæmlega háttað. Þannig ráða fyrirtækin í raun hve mikil sjálfvirkni er í einstökum aðgerðum. Með orðinu „sjálfvirkni“ er átt við að bókhaldskerfið á í samskiptum við bankann án þess að mannlegur máttur komi þar nærri.

Sígilt dæmi er innlestur gjaldmiðlagengis án sýnilegrar aðgerðaræsingar en einnig má stilla bókhaldskerfið þannig að sjálfvirka aðgerðin sé ræst af starfsmanni. Aðgerðir sem fela í sér tilfærslu fjármagns (greiðslur af öllu tagi) er ekki hægt að hafa sjálfvirkar, af öryggisástæðum.

### REYNSLUBANKINN

Almennt gildir að sjálfvirkni minnkar hættu á mistökum og flýtir um leið uppgjöri bókhalds. Engu að síður eru notendur hvattir til að hefja notkun án mikillar sjálfvirkni og auka hana fremur þegar líður á innleiðingu kerfisins.

## Aðstoð


Tengingunni fylgir handbók, bæði á íslensku og ensku. Þá er *Þjónustuborð fyrirtækja* til taks í síma 410 9191. Þjónustuborðið veitir ráðgjöf og svarar góðfúslega spurningum ásamt því að taka við ábendingum og tillögum varðandi rafrænar lausnir í fyrirtækjaþjónustu Landsbankans. Tæknilegar fyrirspurnir má senda beint á netfangið [b2b@landsbankinn.is](mailto:b2b@landsbankinn.is). Einnig taka sérfræðingar bankans þátt í fundum fyrirtækja og þjónustuaðila þeirra, sé þess óskað. Ráðgjöfin er gjaldfrjál.

Á ytri vef Landsbankans eru sérstakar [Þjónustusíður B2B](#). Efni þjónustusíðanna er sérstaklega miðað að hugbúnaðarfyrirtækjum í samstarfi við bankann á sviði B2B lausna. Þar er lögð áhersla á að styðja sem best við þarfir forritara með þægilegu aðgengi að skemum, fréttum o.m.fl.

### Frítt kynningarforrit

Til að auðvelda forriturum að skrifa sig á móti B2B vefþjónustu Landsbankans hefur bankinn gefið út einfalt sýniforrit með þremur uppsettum aðgerðum. Það inniheldur forritskóða sem sýnir útfærsluna sem forritari leggur til grundvallar við endanlega hönnun í bókhaldskerfinu og / eða notar til prófunar á samskiptum við Landsbankann. Tilgangurinn er m.a. að auðvelda virðisamat og innleiðingarákvörðun hugbúnaðarfyrirtækja og viðskiptavina auk þess sem forritið hentar einkar vel til að finna villur í hugbúnaðarsmíði (e. debug). Forritið er pantað í netfanginu [b2b@landsbankinn.is](mailto:b2b@landsbankinn.is).

Skilríkin eru valkvæð í sýniforritinu en séu þau á annað borð notuð, bregst forritið við og spyr um sex stafa PIN númer en ekki fyrstu fjóra líkt og almennt tíðkast með skilríki við innskráningu í netbanka.





Hagnýt dæmi







## Hagnýt dæmi: Innheimta

Innheimtuhluti B2B er einn elsti og þróaðasti hluti vefþjónustunnar. Of langt mál er að nefna alla möguleika hér og við hlaupum því hratt yfir sögu. B2B gerir kröfuhafa kleift að stofna kröfur, breyta þeim og fella niður auk þess að senda greiðsluseðla til rafrænnar birtingar í netbönkum allra banka og sparisjóða. Kröfuhafi hefur heildarsýn krafna, s.s. hvort ákveðin krafa fór í beingreiðslu, prentun eða rafræna birtingu.

Meðal B2B kröfuhafa er algengast að sækja (sjálfvirkt eða handstýrt) innborganir úr Kröfupotti árla dags. Þessi samkeyrsla við bókhaldið sparar notendum tíma við innslátt og dregur úr villuhættu. Skjót og góð kröfuvinnsla flýtir fyrir innstreymi og bætir þannig fjárstreymi fyrirtækisins.

### Sérlausnir fyrir stórnotendur

Reiknistofa bankanna ræður að hámarki við 2.000 XML skeyti á mínútu og kemur það ekki að sök hjá flestum fyrirtækjum. Komíð er til móts við stærri notendur með þremur sérlausnum sem allar tilheyra svonefndri *magninnsendingarleið*:

- *Magnstofnun innheimtukrafna*
- *Magnbreyting innheimtukrafna*
- *Magnniðurfelling innheimtukrafna*

Ólíkt hefðbundinni B2B kröfustofnun er ekki um rauntímavinnslu að ræða í magninnsendingarleiðinni. Leiðin hentar einkar vel stórnotendum og fyrirtækjum með um og yfir 500 kröfur hverju sinni.

### Hreyfingar innan dagsins

Sækja má hreyfingar á innheimtukröfu sem átt hafa sér stað innan líðandi dags. Veitið athygli að þjónustan á eingöngu við fyrirspurn á staka kröfu en ekki safn krafna. Sé magnfyrirspurn notuð birtir svarið dagsgamlar kröfuupplýsingar, n.t.t. frá miðnætti.

### Mikilvæg vitneskja kröfuhafa um beingreiðslusamninga

Í stofnferli krafna getur kröfuhafi gert fyrirspurn á beingreiðslusamning allra greiðenda; svarlistinn spannar alla aðila með virka beingreiðslusamninga *tengda honum*, óháð banka eða sparisjóði. Með öðrum orðum virkar skeytið þvert á íslenskar bankastofnanir en ekki eingöngu meðal greiðenda í viðskiptum við Landsbankann. Upplýsingarnar hagnýtir kröfuhafi í áframhaldandi vinnslu, s.s. til að vita hvaða kröfur krefjast prentunar greiðsluseðils og hverjar ekki, ásamt því að meta þörf fyrir rafræna birtingu greiðsluseðla. Kröfuhafar eru óspart hvattir til að nýta skeytið því að öll vitneskja um beingreiðslusamninga er til þess fallin að lágmarka kostnað kröfuhafa og þannig kostnað greiðenda sömuleiðis.

#### VILTU VITA MEIRA?

Sérfræðingar Fyrirtækjabankans veita sérsníðna ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana varðandi innheimtu viðskiptakrafna. Pantaðu viðtal eða heimsókn sérfræðings hjá *þjónustuborði fyrirtækja* í síma **410 9191** eða í netfanginu [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is).



### SÝNISHORN | Axapta 3.0

Stofnugluggi bókhaldskerfisins breytist ekkert við innleiðingu B2B.  
Notandinn er staddur í kunnuglegu umhverfi allt þar til kemur að sendingu skeytisins.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata

#### Stofna kröfur

Almennt Runa

Færibreytur

Gjaldldagi banka 15.5.2004

Fjöldi daga að eindaga 5

Vanskilakostnaður 400,00

Texti á greiðsluseðla  
Um leið og við þökkum fyrir viðskiptin í síðasta mánuði þá viljum við láta þig vita að í næstu viku munum kynna nýjar vörur í húsakynnum okkar. Þér er hér með boðið á kynninguna og vonum við að þið sjáið ykkur fært að mæta.

Viðskiptavinir Val

Viðskiptavinalykill

Greiðsluháttur

Færstur viðskiptavina

Fylgiskjal

Reikningur

Greiðsluháttur IK

Opna viðskiptavinafærslur

Gjaldldagi

Í lagi Hætta við

Í þessum glugga lýkur kröfustofnuninni. Með því að smella á „Í lagi“ sendast kröfurnar til Landsbankans sem samtímis sendir þær Reiknistofu bankanna til birtingar í netbönkum allra banka og sparisjóða hérlendis.

#### Flytja út kröfur

Vinnslan er notuð til að flytja út í skrá þær kröfur sem á að stofna hjá innheimtustofnun.

Innskráning

Nafn notanda bgk

Aðgangsorð

Kröfubankar Val

Bankanúmer 151

Kröfur

Tilvísun

Viðskiptavinalykill

Kröfunúmer

Gjaldldagi

Í lagi Hætta við

Samskonar gluggi er notaður við breytingu og niðurfellingu krafna.



## SÝNISHORN | SAP

Í bókhaldi eru sýndar allar kröfur sem stofnaðar hafa verið og staða þeirra í bankanum; þ.e. hvort þær eru greiddar, ógreiddar, greiddar að hluta, niðurfelldar eða eru í milli- eða lögfræði-innheimtu. Kerfið býður samskipti við þriðja aðila t.d. innheimtu-fyrirtæki og prentstofur.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Applicon

System Help

### Kröfupottur Applicon

Halda áfram

**Kröfur**

Stilling: VIÐARAS\_LAND Nafn: Viðarás, Landsbanki

Kt. kröfuhafa: 5802050700  
Auðkenni: 037  
Fyrirtæki: 1000

**Greiðandi**

Greiðandi: [ ]

**Gjalddagi**

Gjalddagi: 01.01.2006 to 01.04.2006

**Eindagi**

Eindagi: [ ] to [ ]

**Tegund kröfu**

- Lifandi kröfur
- Greiddar kröfur
- Niðurfelldar kröfur
- Óstofnaðar kröfur
- Millinnheimta
- Löggræðinnheimta
- Villu kröfur



Vinnslur System Help

### Kröfupottur Applicon

Kröfur Aðgerðarlisti Villulisti

Breyta kröfu Fella kröfu Sía Endurprenta Skoða sögu

#### Yfirlit - 1000 - IAA - Viðarás húsfélag

Kröfukenni	Staða	Banki	H...	Kröfunúmer	Kl. greiðanda	Gjalddagi	Staða í banka	Eindagi	Up...	Efirstöðv	Prentun	Villuboð
3636	✓	0515	66	504	5802050700	10.11.2005	GREIDD	23.11.2005	26			
3640	✓	0515	66	502	5802050700	16.11.2005	GREIDD	16.12.2005	311			
3643	✓	0515	66	504	5802050700	16.12.2005	GREIDD	27.12.2005	2002			
3651	✓	0515	66	512	5802050700	24.12.2005	GREIDD	03.01.2006	140			
3652	✓	0515	66	515	5802050700	30.11.2005	GREIDD	12.12.2005	170			
3658	✗	0515	66	69	0406604299	31.12.2005	ÓGREIDD	10.01.2006	81	81		
3661	✗	0515	66	74	0406604299	30.12.2005	ÓGREIDD	09.01.2006	3	3		
3668	✗	0515	66	138	5802050700	20.02.2006	ÓGREIDD	02.03.2006	53	53		
3669	✗	0515	66	139	5802050700	21.02.2006	ÓGREIDD	03.03.2006	54	54		
3671	⚠	0515	66	141	5802050700	23.02.2006	ÓGREIDD	06.03.2006	56	56		
3672	⚠	0515	66	142	5802050700	27.02.2006	ÓGREIDD	09.03.2006	57	57		
3673	⚠	0515	66	143	5802050700	28.02.2006	ÓGREIDD	10.03.2006	58	58		
3674	⚠	0515	66	144	5802050700	01.03.2006	ÓGREIDD	13.03.2006	60	60		
3675	⚠	0515	66	145	5802050700	03.03.2006	ÓGREIDD	13.03.2006	125	125		
3676	⚠	0515	66	146	5802050700	01.03.2006	ÓGREIDD	13.03.2006	64	64		

Í hjálparglugga SAP er að finna skýringar á táknum:

Kröfur - Hjálpar

Staða

- ○ **Óstoínuð**
- **Lifandi ógjaldfallin**
- ⚠ **Lifandi gjaldfallin yfir gjalddaga en ekki eindaga**
- ✗ **Lifandi gjaldfallin yfir eindaga**
- ✓ **Greidd**
- 🗑 **Niðurfelld**
- ⚠ **Villa**

Prentun

- 🗑 **Ekki prenta**
- 🗑 **Óprentað**
- 🗑 **Prentað / Endurprentað**
- 🗑 **Endurprenta**
- 🗑 **Beingreiðsla**



### Rekjanleiki gagna

Sérhver hreyfing er færð í sögubækur, hvort sem um er að ræða breytingar á kröfunni sjálfri eða samskipti við banka.

#### SÝNISHORN | Axapta 3.0

Eðli málsins samkvæmt er hugtakanotkun ekki alveg eins milli hugbúnaðarkerfa. Í Axapta er gagnasamskipti skráð í svonefndan Gagnaflutningskladda. Í öðrum kerfum er enska heitið notað, t.d. undir heitinu Log Book.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata

Dagsetning	Tími	Innheimtuke...	Gerð gagnaflutnings	Fjöldi
1.10.2004	17:14:34	LIB2B	Sending krafna	80
4.10.2004	12:44:36	LIB2B	Sending krafna	13
4.10.2004	17:11:03	LIB2B	Sending krafna	30
4.10.2004	17:11:32	LIB2B	Sending krafna	3
4.10.2004	17:15:29	LIB2B	Sending krafna	485
4.10.2004	17:17:31	LIB2B	Sending niðurfellingarfærslna	7
5.10.2004	08:37:39	LIB2B	Sending krafna	1
5.10.2004	08:44:46	LIB2B	Sending krafna	1
5.10.2004	09:23:46	LIB2B	Sending krafna	10
5.10.2004	11:11:31	LIB2B	Sending niðurfellingarfærslna	6
5.10.2004	13:00:38	LIB2B	Sending niðurfellingarfærslna	1
5.10.2004	13:08:12	LIB2B	Sending krafna	1
5.10.2004	13:08:24	LIB2B	Sending krafna	1

#### SÝNISHORN | SAP

Aðgerðalistinn birtir heildarfjirlit rafrænna bankasamskipta.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Applicon

Aðgerðarkenni	Dagsetning	Tími	Aðgerð	Notandi	Skilaboð
425	01.03.2006	00:27:16	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 4 claim(s) to Bank.
426	01.03.2006	00:32:04	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 4 claim(s) to Bank.
427	01.03.2006	00:32:09	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
428	01.03.2006	00:32:14	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 2 claim(s) to Bank.
429	01.03.2006	00:32:19	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
430	01.03.2006	00:32:24	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
431	01.03.2006	00:32:30	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
432	01.03.2006	00:32:39	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
433	01.03.2006	00:32:44	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
434	01.03.2006	00:32:49	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 2 claim(s) to Bank.
435	01.03.2006	01:19:45	Prenta greiðsluseðla	GTE	Printed 1 Payment Slip(s)
436	01.03.2006	23:17:44	Senda kröfur í banka	GTE	Sent 1 claim(s) to Bank.
437	01.03.2006	23:19:30	Senda kröfur í banka	GTE	Receive 4 Claim(s) from Bank.

Aðgerðasagan er öllu ítarlegri. Þar má sjá hver framkvæmdi aðgerðina, hvenær og fleira.

Trans Id	Kenni	Bunki	Hreyfingar kódi	Lykill	Numc...	D...	Txt gildi	Hreyfingar lýsing	Tímastimpill	Dags	Tími	Notandi
900118	35	5000...	STATUS	TEXT			0	Claim created in Claimpool	20.060.121...	21.01.2006	14:03:02	GTE
900117		5000...	TAKEOVER	TEXT			504	(Takeover) Claim 504 taken over	20.060.121...	21.01.2006	14:03:03	GTE
900169		5000...	PAID_AMOUNT	NUMB	2000			Greitt nú: 2000	20.060.121...	21.01.2006	14:46:50	GTE
900170		5000...	PAID_AMOUNT	NUMB	2			Greitt nú: 2	20.060.121...	21.01.2006	14:46:50	GTE
900200		5001...	STATUS	TEXT			8	Claim has already been created	20.060.131...	31.01.2006	13:15:10	GTE
900199		5001...	TAKEOVER	TEXT			504	(Takeover) Claim 504 taken over	20.060.131...	31.01.2006	13:15:10	GTE
900228		5001...	STATUS	TEXT			8	Claim has already been created	20.060.202...	02.02.2006	00:25:30	GTE
900227		5001...	TAKEOVER	TEXT			504	(Takeover) Claim 504 taken over	20.060.202...	02.02.2006	00:25:31	GTE
900802		5003...	STATUS	TEXT			7	Claim updated	20.060.222...	22.02.2006	15:39:23	BJOGGI
900801		5003...	AMOUNT	NUMB	500			Numeric Field Change Old 20...	20.060.222...	22.02.2006	15:39:25	BJOGGI





### Greiðslutilvísanir innheimtukrafna

Greiðslutilvísanir gegna burðarhlutverki í meðhöndlun viðskiptakrafna innan bókhaldskerfisins. Þær eru farsenda þess að sjálfvirk útför geti átt sér stað. Sé tilvísun ekki til staðar, t.d. þegar greiðandi leggur fjárhæð beint inn á bankareikning kröfuhafa, fram hjá Kröfupotti, eru rafrænu reikningsyfirlitin (sérstök B2B þjónusta) lögð til grundvallar útförunar og afstemmingar í bókhaldi.

**SÝNISHORN | Axapta 3.0**  
 Tilvísunarnúmerið erfið frá innborgun-  
 arbókinni til færsluyfirlits viðskipta-  
 vinar. Þar getur notandinn smelt á  
 nánari itarupplýsingar og séð upp-  
 færðar eftirstöðvar, ástand o.m.fl.

*Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata*

The screenshot displays three overlapping windows from the Axapta 3.0 software. The top window, titled 'Innborgunir - Kröfunúmer: 006241, 4202992499, Bankanúmer: 042', shows a table of transactions with columns for 'V', 'Kröfunúmer', 'Viðskiptavin', 'IdRúmer', 'Nafn', 'Greiðsludagur', and 'Tilvísun'. The bottom-left window, 'Færslur viðskiptavina - Fylgiskjal: Vik017955, 21.9.2004, Viðskiptavinalykl:', shows a detailed transaction list with columns for 'Dagsetning', 'Reikningur', 'Cre...', 'Greiðslutilvísun', 'Upphæð í gjaldmál', 'Staða', and 'Gjaldn.'. The bottom-right window, '90, Viðskiptavinalykl: 000000000', shows a dropdown menu with 'Staða krölu' and 'Fullgreidd' options. Blue circles and arrows highlight the 'Tilvísun' field in the top window, the 'Greiðslutilvísun' column in the bottom-left window, and the 'Staða krölu' and 'Fullgreidd' options in the bottom-right window.

### Stöðudagsetning krafna í fortíðinni

Fletta má upp á stöðu ógreiddra krafna á ákveðnum degi í fortíðinni og hentar aðgerðin því ágætlega til að útfæra leitartól innan bókhaldskerfisins. Gefum okkur að nú sé 15. febrúar. Sé spurt um 1. febrúar, færst staðan að kvöldi 1. febrúar en ekki síðasta virka bankamiðnætti fyrir 1. febrúar (þ.e. síðla kvölds 31. janúar) eins og jafnan gildir í vefþjónustum banks.

Í fyrirspurninni er boðið upp á síun (e. filter) til að þröngja leitina og skilar svarið þá samsvarandi hlutmengi í staðinn fyrir t.d. stöðu allra ógreiddra krafna téðan dag í fortíðinni.

### Leitartól fyrir kröfugreiðslur

Meðal fleiri B2B skeyta sem hönnuð eru með leitarvélur í huga, er skeyti sem leitar að tilteknum kröfugreiðslum út frá nokkrum hliðarskilyrðum, s.s. gjalddaga, eindaga, kröfunúmeri, auðkenni og/eða síðasta hreyfingardegi. Skeytið skilar öllum greiðslum miðað við hliðarskilyrðin. Sérstaklega er mælt með notkun sía (kröfunúmer frá og til) til að hámarka afköst vefþjónustunnar og þar með lágmarka svartíma.



### Villumeðhöndlun innheimtukrafna

Af hagkvæmnisástæðum gildir sú regla í villuboðum að „þögn er sama og samþykki“. Heppnist skeytasendingin fær notandinn eingöngu svar um móttöku skeytisins en ekki sundurliðaða upptalningu á því að sérhver kröfustofnun innan stofnskeytisins hafi tekist. Þegar upp koma villur sendir bankinn sundurliðað svarskeyti.

**SÝNISHORN | SAP**  
*Hugbúnaðarfyrirtæki teygja sig langt í miðlun villuboða bankans og bæta gjarnan við ítarupplýsingum úr eigin grunni.*

*Myndbirting með góðfúslegu leyfi Applicon*

Villu Id	Kenni	Villutexti	Dagsetning	Mikilv...	Staða	Teg. villu	Fyrirt
1	1	Claim has already been created	19.01.2006	i	×	ECC	1000
2	1	Krafa nr. 0303 66 000076 :Krafa með þessu kröfunúm	20.01.2006	i	×	EFB	1000
581	1	Krafa nr. 0303 66 000076 :Krafa með þessu kröfunúm	10.02.2006	i	×	EFB	1000
582	1	Krafa nr. 0303 66 000076 :Krafa með þessu kröfunúm	10.02.2006	i	×	EFB	1000
583	1	Krafa nr. 0303 66 000076 :Krafa með þessu kröfunúm	10.02.2006	i	×	EFB	1000
641	150	7 KENNITALA EKKI TIL Á NAFNASKRÁ 5802050701	01.03.2006	i	×	EFB	1000
642	153	7 KENNITALA EKKI TIL Á NAFNASKRÁ 5802050701	01.03.2006	i	×	EFB	1000
643	154	7 KENNITALA EKKI TIL Á NAFNASKRÁ 5802050701	01.03.2006	i	×	EFB	1000
644	156	7 KENNITALA EKKI TIL Á NAFNASKRÁ 5802050701	01.03.2006	i	×	EFB	1000
26		Claim with External Ref 1 cannot be found	01.02.2006	!	×	EIC	1000
27		Claim with External Ref 2 cannot be found	01.02.2006	!	×	EIC	1000
28		Claim with External Ref 26473 cannot be found	01.02.2006	!	×	EIC	1000

Villur geta bæði átt uppruna sinn hjá Landsbankanum og Reiknistofu bankanna. Komi upp ný villa án skýringar má senda fyrirspurn á netfangið [b2b@landsbankinn.is](mailto:b2b@landsbankinn.is) sem grenslast strax fyrir um málið og sendir svar til baka svo skjótt sem auðið er.



## Auðkenni innheimtu

Með kröfu er skráð þriggja stafa auðkenni sem vísar á númer þess bankareiknings á Kröfuhafaskrá sem greiðsla til kröfuhafa á að ráðstafað inn á. Auðkenni er úthlutað í bankanum við stofnun innheimtusamnings kröfuhafans.

Auðkennið inniheldur upplýsingar um hvernig vanskilareglu er háttað, hvaða innheimtufyrirtæki á að nota, hvort og hvar prentun á sér stað, dagafjölda ábendinga, ítrekana og aðvarana, svo fáein dæmi séu nefnd.

Auðkenni lýsir innheimtuferlinu sem krafan fylgir frá upphafi til enda. Jafnvel má líkja auðkenni við *leikreglu* sem þátttakendur (bankinn, Reiknistofan og innheimtufyrirtæki) fylgja. Auðkenni hljóta ólíka meðferð bankakerfisins og því er tilvalið að hafa fleiri en eitt auðkenni (margar *leikreglur*) til að halda þjónustustigi fyrirtækisins í hámarki gagnvart greiðendum sínum.

Í harðri samkeppni fyrirtækja er þekkt að flokka viðskiptavinum eftir „gæðum“ þeirra, s.s. með A-B-C-D-E greiningu eða skiptingu í n.k. Gull/Silfur/Brons. Þá notar kröfuhafi sérstakt auðkenni fyrir kröfur til „almennra“ viðskiptavina, annað auðkenni til „vildarviðskiptavina“ og þannig koll af kalli.

### VILTU BREYTA?

Ekki er hægt að skipta um auðkenni á virkri kröfu nema í nánú samráði við *Þjónustuborð fyrirtækja* í síma **410 9191** eða með því að senda tölvupóst til [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is). Slíkar breytingar eru háðar gjaldskrá og geta tekið allt upp í tvo virka bankadaga í framkvæmd.

### SÝNISHORN | Vigor

*Sveitarfélög eru gjarnan með sérstakt auðkenni fyrir fasteignagjöld, annað fyrir gatnagerðargjöld, þriðja fyrir leikskólagjöld o.s.frv.*

*Myndbirting með góðfúslegu leyfi TM Software*

Aðgerð	Tegund dagsetningar	Dagar	Senda strax	IM	Lýsing innheimtumáta	Viðbótarkostnaður
Innheimta	Gjalddagi	1	<input checked="" type="checkbox"/>	GD	Greiðsluseðlar Lí Ísafirði, Dagvistargjöld	0,00
Prentun	Gjalddagi	1	<input checked="" type="checkbox"/>	GD	Greiðsluseðlar Lí Ísafirði, Dagvistargjöld	0,00
Prentun	Eindagi	10	<input type="checkbox"/>	I2	Prentun, Lokaaðvöru	0,00
Prentun	Eindagi	20	<input type="checkbox"/>	I3	Prentun, Uppsögn	0,00
Prentun	Eindagi	30	<input type="checkbox"/>	I4	Prentun, Lögfræðihótun	0,00
Eftirvakt	Eindagi	90	<input type="checkbox"/>	EV	Eftirvakt - Listi	0,00

*Auðkenni innheimtukrafna ganga undir ýmsum nöfnum í bókhaldskerfum. Í dæminu að ofan er um Vigor kerfið að ræða; þar heitir auðkennið „Innheimtuferli“ sem er góð og lýsandi túlkun á fyrirbærinu.*





### Veittur greiðslufrestur

Kröfuhafi velur staka kröfu eða safn krafna í bókhaldskerfinu sem veita á greiðslufrest, sendir bankann með XML skeyti til bankans og við það fá þær nýja stöðu. Fyrirtækjabankinn fylgist sjálfvirkt með að greiðendur greiði að liðnum umsömdum fresti. Ef skuldari stendur ekki við gefin loforð grípur kerfið sjálfkrafa til aðgerða.

Viðbrögð við greiðslufalli geta að hluta eða heild verið þessi:

- *Vanskilaútreikningur*
- *Ítrekun*
- *Aðvörun*
- *Milliinnheimta*
- *Löginnheimta*

### Gengiskröfur

Gengiskrafa er krafa sem bundin er erlendri mynt. Hún reiknast upp við greiðslu miðað við það gengi sem er í gildi annaðhvort á greiðsludegi eða gjalddaga (sjá gengiskóða). Við greiðslu er krafan upp-reiknuð og upphæð kröfunnar er greidd í íslenskum krónum.

### Endurgreiðslukröfur

Kröfuhafar endurgreiða viðskiptavinum sínum oftekinn kostnað með því að senda endurgreiðslukröfur (kreditkröfur) í gegnum innheimtakerfið í B2B. Innheimtakerfið leggur upphæðina inn á reikning greiðanda, sem er með beingreiðslusamninga, og skilar því sem ekki er hægt að endurgreiða með svarskeyti til baka til kröfuhafa.

### Greiðsluafsláttur

Eðli málsins samkvæmt á greiðsluafsláttur að vera greiðsluhvetjandi. Hægt er að setja tvö upphæða- eða prósentusvæði á stofn kröfu, fyrri og seinni afsláttur, sem notuð eru til að lækka greiðslu ef greitt er fyrir ákveðinn dag. Afslátturinn byggir á fimm svæðum:

- *Fyrri afsláttur*
- *Seinni afsláttur*
- *Dagafjöldi fyrri afsláttar*
- *Dagafjöldi seinni afsláttar*
- *Afsláttarkóði*

Afsláttarkóði segir til um við hvaða dagsetningu á að miða þegar afsláttur er veittur, t.d. að miða skuli afslátt við eindaga eða gjalddaga, að hann sé reiknuð upphæð og prósentu, o.s.frv.

### Vanskilakostnaður

Svonefndur *Annar vanskilakostnaður* er fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald, sem greidd eru af greiðanda kröfu. Annar vanskilakostnaður er geymdur á stofni kröfu og dráttarvextir reiknast ekki af kostnaðinum.

*Annar kostnaður* er fyrir sérákvörðuð gjöld sem greidd eru af greiðanda kröfu. Kostnaðurinn er geymdur á stofni kröfu og dráttarvextir reiknast ekki heldur af honum.



### Innborganir úr Kröfupotti (að flytja inn greiðslur)

Mælt er með því að kröfuhafi lesi innborganir Kröfupottsins í bókhaldskerfið nokkuð reglulega, t.d. daglega. Yfirleitt les bókhaldskerfið sjálft inn innborganirnar og þá iðulega að næturlagi. Flest hugbúnaðarfyrirtækin bjóða sjálfvirkar útjafnanir. Innborgunin færir sem debetfærsla á bankareikninginn í efnahag og kreditfærslan jafnast á móti kröfunni, hvort heldur um hluta- eða fullnaðargreiðslu er að ræða. Tengdur innheimtukostnaður tekjufærir í fjárhag og bókhaldskerfið annast VSK meðhöndlunina sjálft.

Hafi greiðandi neitað að greiða seðilinn og þess í stað millifært fjárhæðina inn á bankareikning kröfuhafa getur kröfuhafinn fylgst með því með reikningsyfirlitabjónustu B2B.

Sæki kröfuhafi margar innborganir í einu sýnir svarið allar innborganir fyrir miðnætti síðastliðins dags. Spyrji kröfuhafi um stöðu stakrar kröfu inniheldur svarið raunstöðu sem síðan má nota til áður-nefndrar útjöfnunar, gefi niðurstaðan tilefni til.

#### SÝNISHORN | Axapta 3.0

*Hugbúnaðarfyrirtæki geta tengt upplýsingar úr viðskiptamanna-kerfi inn í niðurstöðu svarsins. Gagnlegt er að bæta við dálkum sem sýna beint símanúmer og netfang greiðanda, eða hvaðeina sem starfsfólk innheimtu getur nýtt úr eigin gögnum. Hér ræður hugmyndaflugið för.*

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata

The screenshot shows the 'Innborganir' window in Axapta 3.0. The window title is 'Innborganir - Kröfunúmer: 006241, 4202992499, Bankanúmer: 842'. It has tabs for 'Yfirlit' and 'Almenn'. A table lists invoices with columns: V., Kröfunúmer, Viðskiptavin..., IdNumber, Nafn, Greiðsludagur, and Tilvísun. Below the table are summary fields for 'Greiðslur' including 'Heildarupphæð greiðslu', 'Greiðsla af kröfu', 'Vanskilakostnaður', 'Fjármagnstekjuskattur', 'Innheimtukostnaður', 'Vanskilav', 'Heildarupphæð án skatts', and 'Seðilgjald'. A dialog box titled 'Flytja inn greiðslur' is open, showing 'Innskráning' fields for 'Nafn notanda' (bgk) and 'Aðgangsorð', and 'Flytja inn greiðslur' fields for 'Kennitala kröfuhafa' (6101554339), 'Frá dagsetningu' (29.9.2004), 'Til dagsetningar' (29.9.2004), and 'Auðkenni' (123). Buttons for 'Í lagi' and 'Hætta við' are at the bottom.

V.	Kröfunúmer	Viðskiptavin...	IdNumber	Nafn	Greiðsludagur	Tilvísun
	006241	Kröfuhafi	Kröfuhafi	FI Matar ehf	29.9.2004	IK0063790408
	006246	Kröfuhafi	Kröfuhafi	Fossvellur ehf	29.9.2004	IK0063840408
	006497	Kröfuhafi	Kröfuhafi	Vinsamla Símanúmer Skagfir ehf	29.9.2004	IK0066350409
	006551	Kröfuhafi	Kröfuhafi	Pharland ehf	29.9.2004	IK0066890409
	006557	Kröfuhafi	Kröfuhafi	Tap Matar ehf	29.9.2004	



### Skýrslur úr Kröfupotti (Staða innheimtukrafna)

Kröfuhafar hafa eðlilega hag af fyrirspurnum í Kröfupottinn, t.a.m. þegar innheimtufulltrúar þurfa að hafa samband við greiðendur. Sækja má uppreiknaða stöðu og hreyfingar innan dagsins á *stakri* innheimtukröfu. Sé magnfyrirspurnin notuð birtir svarið dagsgamlar kröfuupplýsingar, n.t.t. frá mið-nætti síðastliðins dags.

#### SÝNISHORN | Axapta 3.0

Hugbúnaðarfyritæki geta tengt upplýsingar úr viðskiptamanna-kerfi inn í niðurstöðu svarsins. Gagnlegt er að bæta við dálkum sem sýna beint símanúmer og netfang greiðenda, eða hvaðeina sem starfsfólk innheimtu getur hagnýtt úr eigin gögnum.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata

The screenshot displays the 'Kröfur í innheimtu' report window with a table of data. A dialog box titled 'Fyrirspurn krafna' is open in the foreground, showing input fields for debtor information and search criteria. The report table includes columns for ID, due date, amount, status, and various numbers. The dialog box has fields for name, ID, due date, payment date, ID number, and a status dropdown menu.

Í dæminu á svarið ekki við fyrirspurnina.


Á næstu blaðsíðu er skjámynd úr Vigor kerfinu.



**SÝNISHORN | Vigor**

Efri hluti skjámyndarinnar inniheldur kröfulista og í neðri hlutanum er nánari lýsing valinnar kröfu.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Vigor





### Samtímauppgjör

Samtímauppgjör lýsir sér þannig að þegar skuldari greiðir kröfu, skiptist greiðslan strax í tvo eða fleiri hluta og peningarnir rata strax til síns heima í stað þess að kröfuhafi bíði eftir uppgjöri síðar frá innheimtufyrirtæki. Kröfuhafinn fær sinn hluta strax inn á sinn bankareikning (gjarnan höfuðstól að viðbættum dráttarvöxtum) og innheimtufyrirtækið það sem því ber á sinn bankareikning (t.d. innheimtukostnað).

Þess ber að geta að jafnvel þó samtímauppgjör sé ekki notað, færist kröfugreiðslan samt strax á bankareikning viðtakanda.

### Hvernig er þetta stillt?

Samtímauppgjör er komið á af starfsfólki Landsbankans að beiðni kröfuhafa og í samráði við hann og viðkomandi innheimtufyrirtæki. Stillingin er skilgreind fyrir hverja innheimtubjónustu (innheimtubúðkenni) óháð innheimtufyrirtæki. Þannig getur kröfuhafi haft margar leikreglur í gangi hverju sinni sem hámarkar sveigjanleika kerfisins. Til dæmis geta sumar kröfur verið í samtímauppgjöri og aðrar ekki.

#### Svæðin sem setja má í samtímauppgjör eru

- Dráttarvextir
- Tilkynningargjald
- Annar kostnaður
- Vanskilakostnaður
- Annar vanskilakostnaður
- Vanskila- og annar vanskilakostnaður saman
- Öll ofantalin svæði saman

Einnig má skipta *höfuðstólsgreiðslunni*, allt upp í þrjá hluta. Sérhver hluti fer á aðskilinn bankareikning, jafnvel í eigu ólíkra kennitalna og skiptingin getur ýmist verið grundvölluð á fastri fjárhæð eða prósentuhlutfalli. Þannig getur t.d. fyrsta skipting verið byggð á fastri fjárhæð, önnur skipting á hlutfalli og þriðja skipting á fastri fjárhæð.



## Hagnýt dæmi: Greiðslur

Með *greiðslum* er átt við:

- Millifærslur milli eigin reikninga innan/utan Landsbanka.
- Millifærslur frá eigin bankareikningi til annarra kennitalna innan/utan Landsbanka.
- Greiðslur inn á kreditkort.
- Greiðslur til lánardrottins innanlands gegnum Innheimtakerfi bankanna (Kröfupott).
- Greiðslur til útlanda (SWIFT greiðslur, t.d. til birgja).

B2B greiðslur byggja á notkun greiðslubunka (færslubunka) í bókhaldskerfinu. Ekki skiptir máli hvernig bunkinn er nákvæmlega myndaður, t.d. með greiðslutillögu eða handvöldum línunum úr lánardrotnasafni.

Hugbúnaðarfyrirtæki setja kerfið jafnan þannig upp að ítarupplýsingar eru sjálfvirkt skráðar með greiðslufyrirmælunum. Þá er valkvætt hvernig færslubunki er yfirfarinn og hvort krafist er samþykkis annars starfsmanns áður en sending hefst.

Að lokinni sendingu svarar bankinn ef um villu er að ræða. Af hagkvæmnisástæðum er regluverkið þannig að svari bankinn ekki hefur sendingin tekist.

Einnig má kalla eftir svari bankans þegar þurfa þykir. Svarið getur innihaldið þrenns konar stöðu bankans:

- *Í vinnslu*
- *Framkvæmt*
- *Villa*

Hér á eftir eru greiðslusýnishorn úr nokkrum bókhaldskerfum. Stutt myndskreið eru einnig aðgengileg á [ytri vef bankans](#) og hægt er að fá þau send í tölvupósti hjá [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is).

### Greiðslukvittanir sendar móttakanda

Greiðsluferlið býður rafræna kvittun til móttakanda; tölvupóst og/eða SMS, ásamt pappírskvittun í hefðbundnum bréfpósti. Eins og lýst er í öryggiskaflanum á bls. 10, velur notandinn milli þess að staðfesta greiðslufyrirmælin strax inni í bókhaldskerfinu eða síðar inni í Fyrirtækjabankanum á netinu.

Viðtökuupplýsingarnar berast með XML skeyti frá bókhaldskerfinu til bankans og það er því ekki fyrir en við aðra hvora framangreinda staðfestingu að kvittanirnar eru sendar.

### Sérstakar kvittanir fyrir erlendar greiðslur

Í erlenda greiðsluhlutanum eru kvittanavalkostir fjórir talsins:

- 0 = *Engin kvittun*
- 1 = *Fax*
- 2 = *Tölvupóstur*
- 3 = *Fax og tölvupóstur*

Boðið er upp á tvö tungumál í greiðslukvittunum til útlanda:

- IS = *Íslenska*
- EN = *Enska*



### SÝNISHORN | Axapta 3.0

Myndin sýnir færslubók með útgreiðslur. Hér er verið að millifæra yfir á kennitölu annars fyrirtækis. Sama aðferð er notuð við millifærslu á milli eigin reikninga.

Með B2B má sannreyna greiðsluupplýsingarnar strax í útgreiðslubók áður en lengra er haldið.

Birt með góðfúslegu leyfi Annata

The screenshot shows the Axapta 3.0 interface for entering a transaction. The window title is "Færslubók arfygiskjal - Færslubók: Fjgl\_1, færslubókarnúmer: 154041, færslubókgerð: Greiðsla til lánardráttins, Bókað: Nei". The interface includes a summary table at the top, a main table with columns for date, amount, and type, and a bottom section for transaction details. A "Nexius Personal - Authenticate" dialog box is overlaid on the screen, prompting the user to enter a PIN for authentication.

Staða		Samtals debet		Samtals kredit	
Færslubók	0,00	Færslubók	5.000,00	Færslubók	5.000,00
Á fylgiskjal	0,00	Á fylgiskjal	5.000,00	Á fylgiskjal	5.000,00

Dagsetning	Lýkill	Færslutæði	Debet	Kredit	Gerð mótl.	Mótlýkill	Greiðslustaða
28.4.2004	4512012390	Greiðsla	5.000,00		Banki	LI156	Ekkert

Transaction details:

Fylgiskjal: FTT 032053  
Gjaldmótt: ISK  
Nafn lykils: Anneta hf  
Nafn mótlýkis: LI - 156

Authentication dialog: Nexius Personal - Authenticate. Enter PIN for Fylgiskjal auðkenni (Auðkenningar PIN). PIN: [input field]. Buttons: Verify my identity, Cancel.



### SÝNISHORN | VIGOR

Myndin sýnir færslubók með útborgun. Með B2B má spyrja Innheimtukerfi banka og sparisjóða (svonefndan Kröfupott) hvað fyrir tækið skuldi af ógreiddum kröfum. Svárið er síðan nýtt til margvíslegra aðgerða í framhaldinu.

### SÝNISHORN | VIGOR

Myndin sýnir staðfestingarglugga sendingarinnar.

Birt með góðfúslegu leyfi TM Software

**Algreiðsla - Fyrirtæki ehf.**

Sýna Hóla

Algreiðsla Greiðslukerfi

Útborgun

Lyklar Sjóður Afgreiðsla

Undirkerfi: Greiðslubókheild Gjaldkerfi: Vigor Váðskiptastaða: -4.065.757

Daga frá: 1.11.2004 7.3.2005 Afgr.staður: Innheimta Í afgreiðslu: -306.856

Gjaldlagi: Eindagi Sælija Váku sjóður: 2005-55-7 Staða eftir afgreiðslu: -3.748.901

Greiðslunúmer: LI - Fyrirtækjabancki

Birta skuldaröðu

Valdar línur		Reikningar					
Heildir upphæð	Gjaldlagi	Eindagi	Váðskiptamaður	Nafn	Samtals	Samtals greitt	Upphæð
-219.073	12.7.2004	20.12.2004			-219.073	0	219.073
Upphæð	23.8.2004	20.12.2004			-15.992	0	-15.992
-219.073	5.10.2004	20.12.2004			6.278	0	6.278
Væðr.	18.10.2004	20.11.2004			-75.000	0	-75.000
0	19.10.2004	20.11.2004			50.000	0	50.000
Dráttirvæðr.	22.10.2004	20.11.2004			77.179	0	77.179
0	28.10.2004	20.11.2004			1.392	1.392	1.392
Kostnaður	28.10.2004	20.12.2004			1.464	1.464	1.464
0	31.10.2004	20.11.2004			-10.457	0	-10.457
1.11.2004	20.12.2004				503	0	503
1.11.2004	20.12.2004				-304.000	-304.000	-304.000
Eftend upphæð	2.11.2004	20.12.2004			-80.000	0	-80.000
2.11.2004	20.12.2004				-1.117	0	-1.117
5.11.2004	20.12.2004				-17.181	0	-17.181
5.11.2004	20.12.2004				-333.000	0	-333.000
8.11.2004	20.12.2004				-3.097	0	-3.097
12.11.2004	20.12.2004				-37.126	0	-37.126
12.11.2004	20.12.2004				-21.336	0	-21.336
15.11.2004	20.12.2004				-3.248	0	-3.248
15.11.2004	20.12.2004				6.508	0	6.508
12.2004					-4.628	0	-4.628
12.2004					-7.969	0	-7.969
12.2004					8.196	0	8.196
12.2004					-14.580	0	-14.580
12.2004					-2.400	0	-2.400

SEND

**Greiðslubunki Vinnsla**

Greiðslubunkar			
Greiðslubunki	Afgreiðslunúmer	Staða	Samtals greitt
267	631	í vinnslu	-306.856

Lí villuleit

**Sending**

LÍ - Fyrirtækjabancki **-306.856**

Notandi: L123456B2B

Aðgangsorð: xxxxxxxxxxxx





### SÝNISHORN | SAP

Á myndinni má sjá dæmi um villuboð frá bankanum. Framsetning þeirra er ólík milli bókhaldskerfa og reyna hugbúnaðarfyrirtækin eftir fremsta megni að útfæra villulýsingu úr svarskeyti bankans. Bankanum er ekki unnt að birta lýsingar við alla villukóða og er notendum því bent á að hafa samband við þjónustuborð fyrirtækja í síma **410 9191** eða með tölvupósti til [b2b@landsbanki.is](mailto:b2b@landsbanki.is) sé þörf á frekari aðstoð.

Birt með góðfúslegu leyfi Applicon

**Greiðslubankar - villur**

Run date	Run ID	Lánadr.	Viðsk.	Nafn	Upphæð	Mynt	Tilvísun	Villunú...	Villuboð	Innborg reikn
01.03.2006	JLT5	0001009421		Ragnar Sverrisson hf.	76.800.00	ISK	100000011	53251821	Banki, höfuðbók, reikningsnúmer eða kennitala röng	03022600045
01.03.2006	JLT5	0001009434		Jón og Óskar	33.500.00	ISK	100000011	53251821	Banki, höfuðbók, reikningsnúmer eða kennitala röng	11432600032

### SÝNISHORN | SAP

Dæmi um innihald færslubunka.

Birt með góðfúslegu leyfi Applicon

System Help

**Færslur í Greiðslubunka**

Villulisti

Keyrsludagur	06.03.2006	Réttar færslur	Fjöldi	Upphæðir	Sundurliðun greiðslu	
Auðkenni	BRT2	Rangar færslur	0	0	Áfallin kostn.	0
Bankanúmer	0	Heildarfjöldi	1	52627	Heildargreiðsla	52627

**Færslur í greiðslubunka**

Fylgiskjal.	Kennit...	Banki	hb	Reikn.	Tilvísun	Seðilnr.	Gjaldtagi.	Gr. upph.	Mynt gr.	Upphæð	Mynt upph.	Dráttarvextir.
0020000748	650303	0101	26	005387		0000000	31.01.2006	52.627,00		52.627,00		
<b>Total</b>									■	<b>52.627,00</b>	■	<b>52.627,00</b>
									■	<b>52.627,00</b>	■	<b>52.627,00</b>



### SÝNISHORN | SAP

Myndin sýnir yfirlit greiðslubunka í SAP-bókhaldskerfinu.

Birt með góðfúslegu leyfi Applicon

Vinnslur System Help

Yfirlit yfir greiðslubunka

Bunki Villulisti Niðurfelling Bókun Greiðslubunki Friska

Greiðslubunkar frá 10.01.2006 fyrir fyrirtæki 1000

Dagsetning	Auðkenni	Staða	Status	Bunkanúmer	Nr í Banka	Banki	Fjöldi	Fj. á villu	Villa	Villuboð	Dags.	Tími	Nafn	Yfirlit	Erlend
04.03.2006	SIG2		5	129389	129389	LI	1	0			04.03.2006	12:02:14	SIG	00101	X
04.03.2006	SIG1		5	129389	129389	LI	1	0			04.03.2006	11:56:36	SIG	00101	X
24.02.2006	SIG1		5	129389	129389	LI	1	0			24.02.2006	15:20:26	SIG	00101	X
23.02.2006	GAR						0	0				00:00:00			00000
22.02.2006	SIG4		5	129389	129389	LI	1	0			22.02.2006	18:27:18	EPR	00101	X
22.02.2006	SIG3		5	129389	129389	LI	1	0			22.02.2006	17:36:09	EPR	00101	X
22.02.2006	SIG2		5	129389	129389	LI	1	0			22.02.2006	17:24:09	EPR	00101	X
22.02.2006	SIG1		5	125288	125288	LI	1	0			22.02.2006	16:55:33	SIG	00097	X
19.01.2006	HJ4		3	1401144	61	LI	1	0			20.01.2006	10:31:18	SIG	00000	
19.01.2006	HJ3		0	0	0	LI	3	0			19.01.2006	11:30:52	HJ	00000	
19.01.2006	HJ2		0	0	0	LI	1	0			19.01.2006	11:58:40	HJ	00000	
19.01.2006	HJ1		0	0	0	LI	2	0			19.01.2006	11:14:54	HJ	00000	
17.01.2006	BJJ		0	0	0	KB	1	0			17.01.2006	18:12:32	BJOGGI	00000	
12.01.2006	SIG3		2	WS_95	WS_95	KB	1	0			12.01.2006	16:22:14	SIG	00000	
12.01.2006	SIG2		5	WS_92	WS_92	KB	1	0			12.01.2006	13:43:58	SIG	00004	
12.01.2006	SIG1		1			KB	1	0		System.Web.Se...	12.01.2006	13:53:04	SIG	00000	
12.01.2006	HJ1		5	1382512	60	LI	1	0			12.01.2006	13:23:50	HJ	00093	
12.01.2006	HJ		5	1382097	59	LI	1	0			12.01.2006	11:33:38	HJ	00092	
11.01.2006	SIG1		1	WS_88	WS_88	KB	1	1			12.01.2006	13:34:21	SIG	00000	
11.01.2006	BJJ		1	WS_87	WS_87	KB	1	1			12.01.2006	13:00:46	SIG	00000	
11.01.2006	1EPR		5	129389	129389	LI	1	0			11.01.2006	12:00:07	EPR	00101	X
10.01.2006	SIG5		5	WS_84	WS_84	KB	1	2			10.01.2006	18:43:46	SIG	00006	
10.01.2006	SIG4		1	WS_82	WS_82	KB	1	1			10.01.2006	13:14:21	SIG	00000	
10.01.2006	SIG3		1	WS_81	WS_81	KB	1	1			10.01.2006	13:11:29	SIG	00000	
10.01.2006	SIG2		5	WS_80	WS_80	KB	3	0			10.01.2006	11:55:13	SIG	00003	
10.01.2006	SIG1		2	WS_79	WS_79	KB	1	0			10.01.2006	10:29:35	SIG	00002	

### SÝNISHORN | SAP

Myndin til hægri sýnir skýringar á táknum myndarinnar að ofan. Með B2B má gera fyrirspurn á ákveðinn greiðslubunka (þ.e. spyrjast fyrir um ástand hans) og eyða greiðslubunka með niðurfellingaraðgerð.

Birt með góðfúslegu leyfi Applicon

Yfirlit yfir greiðslubunka

Staða

- Proposal í Payment run
- Truflanir í tengingu
- Bunki í banka
- Bunki vistaður sem yfirlit
- Bunki bókaður í bókhaldi
- Bunki niðurfelldur

Status

- autt Payment proposal í vinnslu
- 1 Villa frá banka
- 2 Bunki í vinnslu í banka
- 3 Ekki gekk að ná í banka í banka
- 4 Bunki vistaður í "FEBA" en óbók.
- 5 Bókaður greiðslubunki
- 9 Niðurfelldur bunki



### Greiðslur inn á kreditkort

Með sérstöku greiðsluskeyti má greiða inn á kreditkort. Greiðslubunki verður til í Fyrirtækjabankanum á netinu og daginn eftir greiðslu sést hún í kortayfirlitum. Aðgerðin virkar jafnt fyrir VISA- og EURO kort.

### Greiðslur til útlanda (*Erlendar greiðslur*)

Hvað verklag í bókhaldskerfi varðar, svipar erlendum greiðslum mjög til innlendra greiðslna. Færslubók bókhaldskerfisins sækir forskráðar upplýsingar til erlendra lánardrottna, þ.m.t. SWIFT- og IBAN upplýsingar, en notandinn getur líka handskráð þær þurfi þess með. Líkt og í innlendum greiðslum stofnast ógreiddur greiðslubunki í Fyrirtækjabankanum á netinu og bíður notandans á forsiðu bankans. Við staðfestingu bunkans ræsist sjálft greiðsluferlið.

Við stofnun erlendar greiðslu ber að hafa í huga að í svarinu, sem kemur strax eftir stofnun, eru gengisupplýsingar aðeins til *viðmiðunar* því að ekki fæst lokagengi fyrr en gengið er frá greiðslunni í Fyrirtækjabankanum. Eftir að greiðslan hefur verið afgreidd er hægt að nota sérstök fyrirspurnarskeyti og þannig uppfæra bókhald með rauntölum.

Svarskeytið inniheldur tvo hluta, *svar* og *villur*. Samanlagður fjöldi færslna í þessum tveimur hlutum ætti alltaf að jafngilda fjölda færslna sem sendur var inn. Nánari vitneskju um svæðin má nálgast með því að fara inn á sérstaka vefslóð og í .XSD skjölin ([sjá tæknihandbók](#)) en þau útlista nákvæmlega innihald svæðanna.

Eftir að búið er að stofna erlenda greiðslu er hægt að fylgjast með stöðu hennar í rauntíma. Einn skyldusvæðin eru *frá* og *til* dagsetningarsvæðin en þau taka annars vegar til þeirra greiðslna sem stofnaðar eru innan þess tíma og hins vegar þeirra sem greiddar voru á þessum tíma. Athugið að greiðsludagsetning er ráðandi dagsetning.

**GOTT AÐ VITA**  
Ef fyrirtækið sendir nú þegar „erlenda“ *textaskrá* til bankans tekur útgreiðslubók bókhaldsins ekki efnislegum breytingum við það eitt að skipta yfir í B2B.

<i>Algengar spurningar B2B notenda</i>	
Er hægt að millifæra af hb38 yfir á hb38 innan sömu myntar með B2B?	Já, innan Landsbanka.
Er hægt að millifæra af hb38 yfir á hb38 innan sömu myntar í Fyrirtækjabanka á netinu?	Já, innan Landsbanka.
Er hægt að millifæra af hb38 yfir á hb38 í annarri mynt með B2B?	Já, innan Landsbanka.
Er hægt að millifæra af hb38 yfir á hb38 í annarri mynt í Fyrirtækjabanka á netinu?	Já, innan Landsbanka.
Er hægt að millifæra af hb26 yfir á hb38 með B2B?	Já, það er hægt í Fyrirtækjabanka, innan Landsbankareikninga.
Er hægt að millifæra af hb26 yfir á hb38 í Fyrirtækjabanka á netinu?	Já, það er hægt í Fyrirtækjabanka, innan Landsbankareikninga.
Er hægt að gera allar ofangreindar millifærslur yfir í aðrar bankastofnanir með B2B?	Já, með erlendum greiðslum (SWIFT).
Er hægt að gera allar ofangreindar millifærslur yfir í aðrar bankastofnanir í Fyrirtækjabanka á netinu?	Hægt er að millifæra af IG reikningum á AH reikninga í öðrum bönkum, einnig með SWIFT. Fyrirtækið og notendur þurfa að vera skráðir hjá Gjaldeyrismiðlun bankans með hámarks- og lágmarksfjárhæðir.



## Hagnýt dæmi: Innsending skilagreina

Við skil á greiðslum launþega, hvort sem um er að ræða viðbótar- eða lögbundinn lífeyrissparnað, þurfa skilagreinar að fylgja til að hægt sé að skipta greiðslunni niður á launþega eftir því hvaða ávöxtunarlíð launþeginn hefur valið að ávaxta sparnað sinn í.

Með B2B er unnt að senda slíka skilagrein til bankans og inniheldur hún sjálfst lífeyrisögjaldið til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar.

Einnig er í B2B boðið upp á spyrjast fyrir um áður innsenda skilagrein og skoða innihald hennar í svarinu. Skeytið hentar m.a. til útfærslu leitarvélar í bókhalds- og upplýsingakerfi notanda.

*Íslenski lífeyrissjóðurinn* er almennur lífeyrissjóður með rekstrarsamning við Landsbanka Íslands og njóta sjóðsfélagar hans og launagreiðendur þjónustu bankans. Sjóðurinn tekur bæði við framlagi til lögbundins lífeyrissparnaðar og viðbótarlífeyrissparnaðar.

Nánari tækniupplýsingar ásamt ítarefni RSK og skyldum fróðleik er að finna í [Tæknihandbók](#) á ytri vef bankans.

## Hagnýt dæmi: Yfirlit bankareikninga

Bókhaldskerfið notar B2B til að sækja yfirlit bankareikninga án innskráningar í Fyrirtækjabankann. Jafnan er það kerfisstjóri fyrirtækisins (eða svonefndur „superuser“) sem skilgreinir hvaða bankareikningum viðkomandi starfsmaður hefur heimild að. Til viðbótar má bæta við *takmörkunum* í bakkerfi B2B en um slíkt verður að biðja sérstaklega hjá Þjónustuborði fyrirtækja í síma 410 9191 eða í netfanginu [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is).

SÝNISHORN | MBS Navision

Microsoft Business Solutions-Navision

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Maritech

E1 2 - Bankareikn.afstemning

Almennt

Númer bankareiknings... E1 Staða síðasta yfirlits... 129.670

Nr. yfirlits... 2 Lokastaða yfirlits... 1.358.868

Upphafsdags. yfirlits... 01.01.07

Dags. yfirlits... 31.12.07

Dags. vi...	T...	Lýsing	Upphæð yfirlits	Stofnuð upphæð	Mismunur
03.01.07	B...	Útborgun			0
03.01.07	B...	Útborgun			0
03.01.07	B...	Útborgun			0
03.01.07	B...	Innborgun			0
03.01.07	B...	Innborgun			0
03.01.07	B...	Innborgun			0
03.01.07	B...	Innborgun			0
03.01.07	B...	Innborgun			0
04.01.07	B...	In			0
04.01.07	B...	In			0
04.01.07	B...	In			0
08.01.07	B...	Út			0
08.01.07	B...	Út			0
08.01.07	B...	Út			0
08.01.07	B...	In			0
11.01.07	B...	Út			0
11.01.07	B...	Út			0
12.01.07	B...	In			0
24.01.07	B...	Út			0
24.01.07	B...	In			0
26.01.07	B...	In			0
31.01.07	B...	Út			0

Bankauppgjör-yfirlit

S...	Banki	Höfu...	Reikning...	Hreyfang...	Fat...	Tívisun	Vaxtadagur	Sobörn...	Upphæð	Kröfun
V...	0115	26	005910	31.12.07	01	4909861...		000000		
V...	0115	26	006701	19.10.06	02	0324660...		0151006		
V...	0115	26	006701	19.10.06	02	0324660...		0151006		
V...	0115	26	006701	19.10.06	01	6701691...				
V...	0115	26	006701	23.10.06	02					
V...	0115	26	006701	24.10.06	01	1311714...				
V...	0115	26	006701	25.10.06	02			ADALSTJ		
V...	0115	26	006701	25.10.06	01	6701691...				
V...	0115	26	006701	25.10.06	01	R-60005				
V...	0115	26	006701	25.10.06	01	6701691...				

Tengjast

502.238 129.670 1.358.868

Staða Staða als

Áfstramma Áðgerðir Jafna færslu... Bökun Innlestur Hjálp

Reikningsnúmer: 006701






Það eru ótvíræð þægindi fólgin í því að hafa fyrirspurnina á yfirlit bankareikninga í runukeyrslu (sjá umfjöllun um sjálfvirkar aðgerðir á bls. 5). Stilla má runukeyrsluna þannig að hún keyri daglega eða tvisvar á dag, með ákveðnu millibili, svo dæmi séu nefnd.

Þrátt fyrir runukeyrslur getur notandinn gripið inn í hvenær sem er og kallað fram rauntímayfirlit bankareikninga þegar hentar. Það getur komið sér vel þegar greiðandi hefur samband við kröfuhafa vegna nýlegrar innborgunar hans til fyrirtækisins og þörf er frekari athafna þeirra á milli. Starfsmaður fyrirtækisins sannreynir innan bókhaldskerfisins hvort greiðslan hafi borist og veitir skjóttari afgreiðslu fyrir vikið. Þannig hækkar fyrirtækið þjónustugildi gagnvart greiðanda.

#### SÝNISHORN | MBS Navision (eldri útgáfa)

Í þessari uppsetningu er einn bankareikningur sóttur í einu og kerfið óskar bæði notandanafns og lykilorðs.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Maricet



## GOTT AÐ VITA

Landsbankinn er í samstarfi við nokkra erlenda banka um að birta reikningsyfirlit sam-eiginlegra viðskiptavina í Fyrirtækjabankanum. Viðskiptavinir Landsbankans, sem eiga bankareikninga hjá erlendum bönkum, opna Fyrirtækjabankann í stað fleiri netbanka til að fá heildstætt yfirlit bankareikninga og spara þannig umtalsverðan tíma og fyrirhöfn.

Sé erlendi banki fyrirtækisins ekki þegar í samstarfinu leitar Landsbankinn samstarfs við hann í náinni samvinnu við fyrirtækið.

Til að virkja þjónustuna verður að skrá fyrirtækið og notendur þess hjá **þjónustuborði fyrirtækja** í síma **410 9191** eða [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is).



## Hagnýt dæmi: Yfirlit kreditkorta

Korthafi sækir kreditkortayfirlit samkvæmt því tímabili eða dagsetningum sem XML skeytið kveður á um. Aðgerðin virkar jafnt fyrir VISA- og EURO kort. Kortafærslur skila sér alla virka daga frá kortafyrirtækjum til bankans. Færslurnar merkjast mismunandi greiðslutímabili eftir því hvenær í mánuðinum er verslað og hvort sóluaðili sé með samning um breytilegt tímabil eða ekki, hjá kortafyrirtækinu. Sendi sóluaðili færslur til kortafyrirtækis á laugardegi fær bankinn færslurnar fyrst inn til sín aðfaranótt þriðjudags. Þetta er sama fyrirkomulag og í netbönkum einstaklinga; þá sjást helgarfærslurnar árla þriðjudags.

Meðal nýjunga í vefþjónustunni er að fyrirspurnin getur bæði tekið til *greiðslutímabils* (payment\_period) og *kortatímabils* (time\_period). Hið fyrra spannar frá mánuði til mánaðar en hið síðara frá degi til dags. Nánari lýsing er í 7. kafla [Tæknihandbókar B2B](#).

## Hagnýt dæmi: Yfirlit lánasafns

Megintilgangur lánaskeytanna er að veita sem viðtækastar upplýsingar um lánsafn fyrirtækis; jafnt innlend lán sem erlend lán. Í svörum koma fram stofnupplýsingar lána, grunnstaða, nústaða, van-skilastaða, færsluyfirlit (greiðsluflæði) og fleira. Svörin miðast ávallt við síðasta virka bankamiðnætti.

Skeytin eru tvíþætt:

- Annars vegar sendir fyrirspyrjandi inn kennitölu fyrirtækisins (lántakanda) og ástand lánsins. Svarið inniheldur grunnupplýsingar um téð lán (eitt í einu). Skeytið hentar einkum til að athuga hvaða lán fyrirtækið á hjá bankanum, t.d. í kjölfar nýrrar lántöku eða að lokinni upp-greiðslu. Engar fjárstreymisupplýsingar koma fram í svarinu.
- Hins vegar er sent inn skeyti sem veitir ítarlegt yfirlit yfir einstaka þætti lánsins, þ.m.t. greiðsluflæði þess. Fyrirspyrjandi sendir inn kennitöluna fyrirtækisins (lántakanda) og lána-númer. Þrengja má fyrirspurnina með lánalegsnúmerinu en það er valkvætt.

Í báðum tilvikum er mælt með því að spurt sé reglulega, t.d. daglega eða vikulega (sjálfvirk aðgerð bókhaldskerfis) og svarið geymt og sett í söguskrá (log skrá).



## Hagnýt dæmi: Gengi gjaldmiðla

Gengisþjónusta B2B birtir notandanum gengi gjaldmiðla fyrir valinn dag. Ekki er boðið upp á fleiri en einn dag í einu. Oftast er um sjálfvirkan innlestur að ræða með svonefndri *runukeyrslu* (e. Batch job) bókhaldskerfis.

Gengistegundir B2B eru þessar:  
A = Almennt Landsbankagengi  
T = Ferðamannagengi  
S = Seðlagengi Landsbankans  
Z = Tollgengi  
F = Fundagengi Seðlabankans  
L = Opinbert gengi Seðlabanka

Í boði er:

- Kaupgengi
- Sölugengi

Gengisþjónustan er tiltölulega einföld í eðli sínu. Af hagkvæmnisástæðum er ekki boðið upp á t.d. gengiskrossa eða -greiningar. Þvert á móti leggur B2B eingöngu til forsendurnar fyrir bókhaldskerfið sem framkvæmir svo sjálft ítarlegri vinnslu. Þannig hafa fyrirtæki hámarks sveigjanleika til gagnameðhöndlunar.

**Dæmi:** Hugbúnaðarfyrirtæki

þjóða að hluta eða heild:

- Sjálfvirka stofnun á nýjum gjaldmiðlum
- Krossgengi, körfugreiningar
- Áhættugreiningar, fylgnigreiningar (t.d. við vísitölu)
- Magnfyrirspurnir yfir tímabil, milli tveggja dagsetninga

### SÝNISHORN | SAP

Myndin sýnir gengismyndina í SAP-bókhaldskerfinu.

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Applicon

**Gengi sótt og bókað í SAP**

Upplýsingar um fyrirtæki og banka  
Fyrirtæki: 1000  
Banki (LI eða IB): LI

Dagsetning  
Dagsetning gengisskráningar: 08.11.2005

Tegundir gengis

Almennt gengi	<input checked="" type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka og Íslandsbanka
Seðlagengi	<input type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka og Íslandsbanka
Ferðamannagengi	<input type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka
Fundagengi Seðlabanka	<input type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka
Opinbert gengi Seðlabanka	<input type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka
Tollgengi	<input type="radio"/>	Aðgerð virk hjá Landsbanka og Íslandsbanka

Útlitstun / prófun  
 Aðeins lista út gengi bankans

## GOTT AÐ VITA

Gengismeðhöndlun er dæmi um fjárhagslega **lítilvæga** aðgerð. Þess vegna er hún oftast höfð án lykilorðs þannig að bókhaldskerfið sækir gengið reglulega til bankans, t.d. daglega í svonefndri runukeyrslu (e. Batch job). Starfsmaðurinn verður ekki var við að gengið hafi verið sótt en getur sannreynt það í aðgerðayfirliti bókhaldskerfisins.

Engu að síður mælir bankinn með því að fyrirspurnarglugginn (vinstri skjámyndin) sé ávallt í boði, þurfi fyrirtækið að sækja gengi fyrirvaralaust.

**Les inn gengi**

Almennt: Runa  
Innskraning  
Nafn notanda: bogk  
Aðgangsróð: \*\*\*\*\*  
Gengi  
Gengisdagsetning: 12.5.2004  
Tegund: Almennt gengi  
Kaup / Sala: Kaupgengi  
Stofna nýja gjaldmiðla:

**Gjaldmiðill - Gjaldmiðill: EUR, Evra**

Gj	Lýsing	ISO	Tá
EUR	Evra	EUR	206
GBP	Stellingspund	GBP	028
ISK	Íslenskar krónur	ISK	kr.
JPY	Japanskt jen	JPY	17
NOK	Norsk króna	NOK	05
SEK	Sænsk króna	SEK	06
USD	Bandaríkjadalur	USD	018

**Gengi**

Upphafsdagur	Gengi	Gagnkvæmt...	Þ
12.3.2004	0.000,4600	1,1510	<input type="checkbox"/>
15.3.2004	8.670,0900	1,1534	<input type="checkbox"/>
16.3.2004	8.652,3900	1,1504	<input type="checkbox"/>
17.3.2004	8.662,2900	1,1544	<input type="checkbox"/>
18.3.2004	8.670,7900	1,1533	<input type="checkbox"/>
19.3.2004	8.758,7500	1,1417	<input type="checkbox"/>
22.3.2004	8.808,3000	1,1353	<input type="checkbox"/>
23.3.2004	8.844,6100	1,1306	<input type="checkbox"/>

0,844,61 ISK fyrir 100 EUR

Myndbirting með góðfúslegu leyfi Annata



## Hagnýt dæmi: Yfirlit vísitalna

Vísitölur eru notaðar til verðleiðréttingar á ýmsum söfnum í upplýsinga- og bókhaldskerfum fyrirtækja, einkum verðbréfa- og lánasöfnum. Vísitölur eru mælikvarðar á þróun verðs ákveðinna vara eða þjónusta á hverjum tíma innan síns geira.

Vísitölurnar í vefþjónustunni eru 19 talsins og ávallt meira en 15 mínútna gamlar. Notandinn ritar *frá* og *til* dagsetningu og fær í svari öll útgefin vísitölugildi fyrir umbeðið tímabil. Til að spyrjast fyrir um stakan dag er frá og til dagsetningin sú sama. Ef dagsetningu er sleppt, inniheldur svarið öll gildi sem gefin hafa verið út fyrir téða vísitölu.

Svarið við fyrirspurninni inniheldur ekki breytingasögu vísitalna í prósentuvísi. Slíkt er að finna á vefslóðinni [www.landsbanki.is/markadir/visitolur](http://www.landsbanki.is/markadir/visitolur).





## Hagnýt dæmi: Rafræn skjöl

Með rafrænum skjölum er átt við alls konar gögn sem fyrirtæki sendir frá sér til birtingar í netbönkum íslenskra banka og sparisjóða. Í raun ræður hugmyndaflugið eitt för; þekktustu tegundirnar eru rafrænir greiðsluseðlar, launaseðlar, reikningar, fylgiskjöl og veflyklar.

Í dæminu hér hefur B2B notandinn sent einkvæman veflykil úr bókhalds- eða upplýsingakerfi sínu til viðtakanda. Tegundin heitir „Sýnishorn frá Landsbankanum“. Skoðum nú niðurstöðuna:

**Rafræn skjöl**

Yfirlit yfir rafræn skjöl sem tengjast þinni kennitölu  
Veljðu tegund og tímabil til að fá yfirlit.

Sýnishorn frá Landsbankanum

Veldu tímabil

Frá 22.3.2009 Til 22.3.2009

Sækja lista

**Skjöl**

Reikningsnúmer	Dags	Tegund	Seðill
<b>Hermann Dór Snorrason</b>			
11087332891108733289	22.3.2009	Sýnishorn frá Landsbankanum	
11087332891108733289	22.3.2009	Sýnishorn frá Landsbankanum	

Skjámyndin í þessu dæmi er fengin úr Einkabankanum en almennt er framsetning rafrænna skjala með einsleitu móti í netbönkum allra banka og sparisjóða. Sé smellt á *Nánar* eða *Skoða*, opnast sjálfst skjalið. *Sjá næstu blaðsíðu.*



Dæmið innifelur m.a. birtingu einkvæms veflykils ásamt nokkrum tilbrigðum af HTML kóðum. Það er með ráðum gert að sýna klassíska töflu, hlekki, litanotkun, myndanotkun og örfá týpógrafísk eigindi á borð við feitletrun, skáletrun o.þ.h.

**Sýnidæmi fyrir birtingu veflykils**

Þetta rafræna skjal er sýnidæmi um hvernig fyrirtæki geta notað B2B vefþjónustu Landsbankans til að senda tilkynningar til viðtakenda í öllum netbönum á Íslandi. Í þessu ákveðna dæmi sýnum við birtingu einkvæms skilaboða, sem gjarnan er notað við birtingu veflykils. Textinn er fastur og birtist eins hjá öllum viðtakendum sem fá skreyti með þessu stílindæði.

Við hönnun stílsniðs gilda almennar ritreglur HTML um feitletrun, skáletrun, töflugerð og hvaðeina sem framsetningin þarfnaast.

	Austur	Vestur	Norður	Suður
Epli	123	456	789	123
Appelsínur	456	789	123	456
Bananar	789	123	456	789
Gulrætur	123	456	789	123
	456	789	123	456

Aftur á móti er textinn að neðan breytilegur og getur innihaldið einkvæmar upplýsingar fyrir viðtakanda.

Þín einkvæmu skilaboð eru: *sun 20:54*

Nánari upplýsingar um notkun B2B hjá Landsbankanum má finna á þjónustusiðum B2B. Athugið sérstaklega "Tæknihandbók B2B - Landsbankastaðall" undir flípanum "Handbækur", kaflinn heitir **Innsending rafrænna skjala**.


Einnig má sækja þetta sýnidæmi á þjónustusiðum B2B. Þar er að finna handbækur, myndskreið, fréttir og annan gagnlegan fróðleik.

Með kveðju,

starfsfólk Fyrirtækjabanka

Loka glugga

Einkvæmu skilaboðin í sýnidæminu eru: sun 20:54



Sérfræðingar bankans skrá fyrirtæki í þjónustuna og veita aðstoð við uppsetningu í síma 410 9191 og í netfanginu [fyrirtaeki@landsbanki.is](mailto:fyrirtaeki@landsbanki.is).

## Hagnýt dæmi: Greiðslulyklar

Greiðslulyklar Landsbankans (einnig nefndir *dælulyklar*) byggja á B2B þjónustunni. Lyklarnir komu á markað í beinu framhaldi af rafrænu bensínkortunum og er Landsbankinn fyrsti bankinn hérlendis til að bjóða slíka lykla. Þeir eru best þekktir sem bensíndælulyklar en notagildi þeirra spannar víðara svið, einkum fyrir hraðafgreiðslustaði á borð við skyndibitastaði og kvikmyndahús. Í byrjun er lykillinn tengdur við kreditkort, debetkort eða rafrænt bensínkort. Tengja má fleiri en einn greiðslulykil við sama kortið.



Svonefnd *sýndarkort* eru að baki hvers greiðslulykils og rekstraraðili notar B2B til að stofna og viðhalda sýndarkortunum í samskiptum sínum við *samskráningargrunn* Reiknistofu bankanna.

Hægt er að skilgreina mismunandi hámarksfjárhæðir til úttektar á sólarhring:

- 5.000 kr.
- 10.000 kr.
- 15.000 kr.
- 20.000 kr.
- 25.000 kr.
- 50.000 kr.
- 100.000 kr.





